

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir gróðurhúsa- og iðnaðarlóðir á Laugarvatni.

Hreppsnefnd Laugardalshrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir gróðurhúsa- og iðnaðarlóðir á Laugarvatni.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. mars 1998.

F. h. hreppsnefndar Laugardalshrepps,
Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

REGLUGERÐ

um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

1. gr.

Þegar framleiðandi veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða 8%, sbr. 3. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips skv. sölureikningi, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Þegar greiðslan er innt af hendi skal tiltaka skipaskránumer viðkomandi skips, nafn skipsins, einkennisstafi, nafn eiganda skips, dagsetningu afhendingar afla, dagsetningu greiðslu og upphæð greiðslu. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja 8% af brúttósöluverðmæti ísfisks samkvæmt sölureikningi, sem seldur er í erlendri höfn inn á samskonar bankareikning og skulu samskonar upplýsingar gefnar upp. Komi ekki til gjaldeyrisskila skal seljandi fisksins inna greiðsluna af hendi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegs mönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð og miðast þá 8% greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil eða í síðasta lagi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þílfarsbáta sem samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eru undir 10 lestum, sbr. 2. gr.

2. gr.

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu skulu greiða 8,4% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, samkvæmt sölureikningi, sem þeir taka við af opnum bátum og þílfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Lífeyrissjóði sjómanna eftir sömu reglum og greinir í 1. gr., eftir því sem við getur átt.